

20

2. marz

um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942,

um kosningar til Alþingis.

## L Ö G

FORSETI ÍSLANDS

*Þjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.  
Á eftir orðunum „vararæðismenn Íslands erlendis“ í 13. gr. laga um kosningar til Alþingis komi: svo og kjöræðismenn, ef þeir eru íslenskir ríkisborgarar eða af íslensku þjóðerni og mæla á íslenska tungu, ....

2. gr.  
Á eftir orðunum „vararæðismann Íslands“ í 65. gr. laga um kosningar til Alþingis komi: eða kjöræðismanns, er uppfyllir skilyrði 13. gr., ....

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 2. marz 1950.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

21

8. marz

um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr sildarsöði.

## L Ö G

FORSETI ÍSLANDS

*Gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.  
Ríkisstjórninni er heimilt að reisa og starfrækja stöð til hagnýtingar efna úr sildarsöði við sildarverksmiðjur ríkisins.

2. gr.  
Til byggingarframkvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán innanlands eða utan fyrir hönd ríkissjóðs, að fjárhæð allt að 4 milljónir króna.

3. gr.  
Um stofnun og rekstur vinnslustöðvar þerrar, er um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir lögum nr. 1 l. jannar 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 8. marz 1950.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósésson.

## L Ö G

um gengiskráningu, launabreytingar, stöfneignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*Gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.  
Gengi íslenskrar krónu skal breytt þannig, að einn Bandaríkjadóllur jafngildi 162857 íslenskum krónum, og skal gengi alls annars erlendis gjaldeyris skráð í samræmi við það. Landsbanki Íslands skal birta sölu- og kaupgengi, sem séu í samræmi við hið skráða gengi. Kaupgengi má ekki vera meira en 1% undir og sölugengi ekki meira en 1% yfir hinu skráða gengi.

2. gr.

Gengishagnaður sá, sem myndast við það, að hrein (netto) gjaldeyrseign íslenskra banka verður seld hærra verði eftir gengiskrækkunina, skal renna í ríkissjóð og varið til lanveitinga sem hér segir:

1. Einn þriðji hluti skal lánaður til íbúðabygginga samkv. I. og III. kafla 1. nr. 44 7. maí 1946, og skal ½ varið til byggingarsjóðs samkv. I. kafla, en ¼ til íbúðarbygginga samkv. III. kafla laganna.
2. Einn þriðji hluti skal lánaður byggingarsjóði samkv. lögum nr. 35/1946 til byggingarframkvæmda í sveitum.
3. Einn þriðji hluti skal lánaður Rektunarjóði Íslands til 20 ára með jöfnum afborgunum og 2% ársvöxtum.

Lán samkv. 1. og 2. tölul. skulu vera bráðabirgðalan með 4% ársvöxtum og endurgreiðast ríkissjóði jafnharðan og tekjur viðkomandi aðila af eignarskatti samkv. 12. gr. innheimlast.

Því fé, sem ríkissjóður fær endurgreitt af lánum samkv. 1.—3. tölul., skal jafnharðan varið til greiðslu á lausskuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.

3. gr.

Vísitala framferðskostnaðar í Reykjavík skal reiknuð fyrir marz 1950 á sama hátt og hingað til þó með þeim breytingum, að miðað skal við húsaleigu í húsum, sem fullgert eru eftir árslok 1945, svo og við útsöluverð á kjófi án frádráttar á kjófsýrki. Vísitölufjárhæð, sem reiknuð er með þessum hætti, skal vera sá grundvöllur, sem síðari breytingar á vísitölufjárhæð miðast við, og skal því sett = 100.

Skal útreikningi framferðsvísitölunnar fyrir marz vera lokið eigi síðar en 20. apríl þ. á.

4. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna kaupgjaldsvísitölu fyrir marz 1950, sem sýni breytingu þá, sem orðið hefur á almennu kaupgjaldi, þ. e. grunnkaupi að viðbættri verðlagssupphót, síðan 1939. Skal sá vísitala vera hið almenna tímakaup verkanna-félagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, og skal tímakaupþó mánuðina jan.—marz 1939 vera vísitölugrundvöllur.

Kaupgjaldsvísitala þessi skal birt um leið og framferðsvísitalan fyrir marz.